

## REGLUGERÐ

### um sérstök línu- og netasvæði.

#### 1. gr.

Frá og með 6. nóvember 2008 til og með 31. desember 2008, eru allar veiðar með fiski-  
botnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjaneskaga, sem að austan markast af línu sem  
dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem  
dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af  
línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

#### 2. gr.

Frá og með 6. nóvember 2008 til og með 30. apríl 2009, eru allar veiðar með fiski-  
botnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er  
réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af  
64°20'N.

#### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79,  
26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti  
opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fisk-  
veiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. nóvember 2008.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

*Þórður Eyþórsson.*